

## GJALDSKRÁ

**fyrir sorphirðu og meðhöndlun úrgangs í Bláskógabyggð.**

1. gr.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar er heimilt að leggja á árlegt gjald vegna meðhöndlunar úrgangs, þ.e. vegna sorphirðingar og sorpeyðingar.

2. gr.

Gjald fyrir meðhöndlun úrgangs, þ.e. sorphirðu og sorpeyðingu í Bláskógabyggð fyrir árið 2009, skal vera sem hér segir og innheimtast með fasteignagjöldum:

	<i>kr.</i>
A. Sorpgjald á íbúðir, árgjald	11.500
B. Sorp sótt að íbúðarhúsi, aukagjald á íbúðarhús	12.000
C. Sorpgjald á sumarhús, árgjald	8.500
D. Sorpgjald á atvinnurekstur, lágmarksgjald	25.500

Stærri fyrirtæki greiða auk þess sérstaklega fyrir gáma sem þau hafa hjá sér. Gámagjald verði fyrir 5 m<sup>3</sup> gám kr. 2.800 og fyrir 8 m<sup>3</sup> gám kr. 4.480 sem greitt verði fyrir hverja losun.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem var samþykkt af sveitarstjórn Bláskógabyggðar 22. desember 2008 og staðfest af heilbrigðisnefnd Suðurlands 19. febrúar 2009, er í samræmi við samþykkt fyrir sorphirðu í Bláskógabyggð nr. 148/2003 og samþykkt hefur verið af heilbrigðisnefnd Suðurlands og í samræmi við 25. gr. laga nr. 7/1998 með síðari breytingum um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Frá sama tíma falla úr gildi eldri gjaldskrár fyrir sorphirðu í Bláskógabyggð.

*Bláskógabyggð, 19. febrúar 2009.*

**Valtýr Valtýsson** sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 9. mars 2009